

Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn hefur smíðað 5000 reiðhjól

FRAMLEIÐSLA reiðhjóla er til-
tölulega ný iðngrein hér á landi.
— Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn
hóf lítillaga slíka framleiðslu
fyrir um 12 árum, en nú er fram-
leiðslugeta fyrirtækisins orðin
svo mikil, að verksmiðjan gæti
fullnægt allri eftirspurn eftir
hjólum hér á landi. Og Fálka-
hjólin standast samkeppni við
erlenda framleiðslu bæði að gæð-
um og verði.

MARGAR GERÐIR FÁLKA-HJÓLA

Almenningi gefst kostur á að
virða framleiðslu Fálkans fyrir
sér í sýningardeild fyrirtækisins
á Iðnsýningunni. Eru þar sýndar
ýmsar gerðir reiðhjóla, bæði
karl- og kvenhjól. Einnig eru þar
barnapriðhjól og athyglisverðir
sjúkrastólar.

Reiðhjólin sem Fálkinn fram-
leiðir eru í ýnsum stærðum,
eftir því sem á við hvern og einn.
Þar eru einnig smágerð barna-
hjól. Nokkur hjól úr sérstaklega
léttum hjólpum hafa og verið
gerð. Þau eru nokkurskonar kapp-
aksturshjól, en líkast til eru þau
ekki heppileg til almennrar
notkunar, ekki eins sterkbyggð
og hin venjulegu reiðhjól. Þá
hefur verksmiðjan og smíðað
reiðhjól með þremur mismunandi
gírskiptingum, sem mörgum
finnst þægilegt, einkum þar sem
mikið er um brattar brekkur.

FLUTT INN SEM RÖR...

Í stað þess að reiðhjól hafa
áður verið flutt hingað til lands
fullgerð, þá kaupir reiðhjóla-
verksmiðjan inn lítt unnið efni í
þau. Eru það bein rör í hjólgrind-
ur, múffur og önnur tæki. Kem-
ur þá þegar fram talsverður
sparnaðar í flutningskostnaði.


... EN BREYTTIST Í ÍSLENSK REIÐHJÓL

Á einum vegg sýningardeildar
Fálkans er sýnt, hvernig hjól-
grindin verður til í verksmiðj-
unni úr beinum rörum. Þarf að
saga þau og beygja. Síðan eru
þær skeyttar saman, fagaðar og
lakkaðar. En verðmismunur á
efni viðnum og hjólgrindunum er-
lendis er svo mikill, að munar
50%. Beinn gjaldeyrissparnaður
við framleiðslu 1000 reiðhjóla-
grinda yrði eftir þessu kringum
100 þús. kr.

VÖNDUB VINNA

Reiðhjólaverksmiðjan er til
húsa í byggingu Fálkans á Lauga-
vegi 24. Þar eru grindurnar lóð-
aðar saman. Síðan þarf að faga
þær með sandblásara og sverfa
til. Sérstaklega er vandað til lakk-
brennslunnar, enda hafa margir
látið í ljósi aðdáun sína á því hve
hún er áferðarfallag á Fálka-
hjólunum. Þetta er gert í tækj-

Vönduð vinna, er stenz samkeppni við útlendan iðnað - er á Iðnsýningunni



Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn hefur þegar framleitt meir en 5 þús. reiðhjól. Myndin er frá sýningardeild Fálkans á Iðnsýningunni.

um, sem eru íslensk smíði. Fyrst
þarf að sprauta lakkinu á grind-
urnar. Síðan eru þær hengdar
upp, svo lakkið renni til og jafn-
ist og að lokum eru þær hengdar
inn í lakkbrennsluofna. Er lakk-
ið brennt frá hálf tíma og allt upp
í tvær klst., eftir því hver litur-
inn er.

EINS GÓÐ OG ERLEND HJÓL, EN ÓDÝRARI

Peir, sem eignast hafa Fálka-
hjól, eru ekki í vafa um það, að
þau standast fullkomlega saman-
burð við erlend hjól, bæði að
notagæðum og endingu. Og um
verðið er það að segja, að
þau eru um 200 krónum ódýrari
en erlend hjól af sömu tegund.

FRAMLEIÐSLA Í ÞÚSUNDUM

Nú á síðari árum hefur reið-
hjólafarmleiðsla Fálkans stöðugt
farið vaxandi. Fram til þessa
hefur hún framleitt rúmlega 5000
hjól. Er það með fram vegna
fjöldaframleiðslunnar, sem tek-
ið hefur að halda svo lágu verði
á þeim, sem raun ber vitni.

HINIR ATHYGLISVERÐU SJÚKRASTÓLAR

Í sýningardeild Fálkans má
einnig sjá athyglisverða sjúkra-
stóla, sem gerðir eru í reiðhjóla-
verksmiðjunni. Stólar þessir voru
upphaflega gerðir samskonar og
bandarískir sjúkrastólar, er hafa
hringi utan á hjólunum til þess

að sjúklingurinn geti drifið sig
áfram með höndunum, aðallega
innan húss. En nokkrir menn, sem
keyptu slíka stóla hjá Fálkanum,
óskuðu þess að geta einnig drifið
sig áfram lengri leiðir utan húss.
Þá gerði reiðhjólaverksmiðjan
sérstakt framhjól, sem er með
driftsveifum og tekur ekki nema
augnablik að festa framhlutann
við stólinn. Annars er það sér-
staklega athyglisvert við sjúkra-
stóla Fálkans, að hægt er að
brjóta þá saman, svo að auðvelt
er að flytja þá inn í hús og þeir
taka minna geymslupláss en ella.

HOLLT ER HEIMA HVAD

Framleiðsla Fálkans er aðeins
eitt dæmið af mörgum, sem menn
geta kynnt á Iðnsýningunni um
það, að hægt er að starfrækja
hér á landi fjöldaframleiðslu á
ýmsum munum við svo vægu
verði, að það stenz fyllilega sam-
keppni við erlenda varning
sömu tegundar. Og slík fram-
leiðsla innanlands táknar mikil-
vægan gjaldeyrissparnað. Með
þessu fylgir reiðhjólaverksmiðjan
Fálkinn dyggilega einkunnarorð-
um Iðnsýningarinnar: Hollt er
heima hvað.

P. Th.

Umdeild blóts- yrði í útvarpinu

INDIANAPOLIS — Fyrir nokkr-
um dögum varð uppi fótur og fit
á ritstjórnarskrifstofum og út-
varpsstöðvum í Bandaríkjunum
og símahringingunum linnti ekki.
Útvarpshlustendurnir þóttust
hafa fyrir satt, að Eisenhower
hefði gerzt sekur um alvarlegt
brot, „að bölvá í útvarpið“.

Einn af ákøfustu stuðnings-
mönnum Eisenhows, sem sat
við hlið hans, meðan hann hélt
þessa umdeildu útvarpsræðu, full-
vrðir, að það hafi ekki verið hers-
höfðinginn, sem lét fjúka blóts-
yrði, þegar hann gerði hlé á máli
sínu. Sennilegast þótti honum, að
útvarpsvirki hefði syngdað í starf-
inu.

Ræðan var vitaskuld tekin upp
á seguband, og seinna var frétt-
mönnum gefinn kostur á að hlýða
á og fullvissa sig um, að það var
ekki rödd Eisenhows, sem við-
hafði þessi orð. Fjandinn hafi
það.

Haraldur Böðvarsson:

Enn um Faxasild

FLOKKUN SÍLDARINNAR

Í GREIN er ég skrifaði 3. þ. m.
taldi ég sild 25—30 sm ekki sölt-
unarhæfa og átti ég þar við söltun
armoguleika í Svíþjóð sérstak-
lega, sem sækist aðeins eftir
stóru síldinni héðan, því að Sví-
arnir hafa venjulega nóg af smá-
sild úr Norðursjó og heimamið-
um. Ég miðaði einnig við sama
sjónarmið (Norðurlöndin) þegar
ég benti á, að ekki væri heppi-
legt að salta smærri síld en 450
stykki í 100 kg tunnu af „cut-
sild.“

Í grein minni 1. þ. m. þar sem
ég tel æskilegt að geta saltað
síldina t.d. í þjá stærðarflokka,
370/400 — 450/500 — 550/600, í
líkingu við það, sem Skotar gera
og nú er farið að framkvæma
hér, síðan sala tókst til kaupenda
á smærri síldinni. En þó má lengi
deila um stærðarhlutföllin og
verður því að haga sér eftir mark-
aðshorfum hverju sinni á meðan
ekki er komið fast form og
reynsla fyrir réttum hlutföllum.

MARKAÐSLEIT OG SALA

Það hefir ekki verið talið heppi-
legt að fljóta sofandi að feigðar-
ósi, og það er heldur ekki heppi-
legt að hugsa ekkert fyrir sölu
á Suðurlandssíldinni fyrr en séð
er fyrir endann á þeirri norð-
lenzku, og við megum ekki bita
okkur fast í þá hugsun, að engin
síld sé söluhæf nema sú
stærsta. Einn sinni var ríkjandi
sú hugsun hér, að ekki væri
eiginlega ætt nema þverhandar
þykkt sauðakjöt, en nú þykir
dilkakjötið sízt lakara. Sama
gildir um síldina, sú smáa getur
verið eins feit og góð vara og sú,
sem stærri er, en það verður að
ryðja henni braut og opna mark-
aði fyrir hana. Norðursjávarsíld-
in, sem er veidd af öllum þjóð-
um Vestur-Evrópu, er bæði
smærri og lakari vara en okkar
Suðurlandssíld. Þó er hún veidd
og verkuð í milljónir tunna á
hverju ári og seld um alla Norð-
urálfu, til Bandaríkjanna, Afríku
og líklega víðar, og mér er kunn-
ugt um, að Hollendingar selja ár-
lega einu fylki í Bandaríkjunum
ca 20 þúsund tonn af smásíld
úr Norðursjó, en sú síld er fyrst
söltuð í venjulegar síldartunnur
og síðan þökkuð í smákúta.

Norðurlandþjóðirnar, t.d. Dan-
ir, geta sennilega notað nokkuð
af smásíld, ef hún er sérverkuð
fyrir þá. Eins er líklega hægt að
selja talsvert magn til Ítalíu og
annarra landa við Miðjarðarhaf.
Bretar hafa selt mikið magn
þangað að undanfögnu og jafn-
vel talsvert magn af þurrsaltaðri
síld í kössum og reyktri síld. —
Sinn er síður í landi hverju og
hentar því ekki öllum það sama.
Sviar eiga t.d. helst ekki að fá
smærri síld en 400 stk. í tunnu
og hún á að kallast Íslandssíld
S.W., og ég efast um, að við get-
um veitt og verkað meira en
þörf þeirra af þeirri stóru. En ég
tel sennilegt, að ef eitthvað raun-
hæft er gert fyrir smærri síldina
á öðrum mörkuðum, þá muni hún
fljótlega verða skæður keppinaut
ur fyrir Norðursjávarsíld.

SÍLDARIDNAÐUR

Þetta orð hljómar líklega
skringilega í eyrum Íslendinga,
en það getur breytzt með tíma-
num eins og svo margt annað.
Norðurlandabúar, sem kaupa að-
allega af okkur síldina fram að
þessu, dreifa henni ekki allri frá
sér í heilum tunnum til neytenda,
nei og aftur nei. Þeir umpakka
hana í dósir og kúta, gera úr
henni margskonar rétti, þreyta
henni í síldarflok, edikssíld,
kryddsíld, gaffalbita o. s. frv.
og selja hana þannig víða um
lönd. Þetta getum við líka gert.
Mér var að detta í hug að þannig
væri líklega bezt að fara með

bannsíldina frægu, þessar 900
tunnur, sem við söltuðum fyrir
22. ágúst. Það er að segja ef hún
verður ekki í eilífu banni í hvaða
mynd, sem er. Við ætluðum að
veðsetja hana í banka einn dag-
inn og taka út á hana, eins og
venja er um aðrar afurðir, nei,
takk, hún var ekki veðhæf, vegna
þess að nefndin viðurkenndi hana
ekki — hún var nokkurs konar
lausaleikisafkvæmi. Síldarútvegs-
nefnd sendi með Goðafossi í dag
til USA 10 tonn af bannsíld,
sem sýnishorn til að prófa mark-
aðinn þar fyrir faxasíld, en það
er galli á gjöf Njarðar, að þessi
síld er ekki sérverkuð fyrir
Bandaríkjamarkað og það getur
gert gæfumun.

VÖRUVÖNDUN

Eins og ég hefi áður minnst á,
þá ríður okkur á að vanda verk-
un og flokkun Suðurlandssíldar-
innar svo vel sem kostur er, til
að vinna markað fyrir hana einn-
ig í nýjum löndum, og við verð-
um að kappkosta, að hún verði
eftirsóttari vara heldur en önn-
ur síld, því að þá fyrst er björn-
inn unninn. Þetta getum við, ef
viljinn er með. Það er hægt að
fara ýmsar leiðir í þessum efn-
um og hefir mér dottið í hug, að
til mála geti komið að stofna sam-
lag í hverri verstöð fyrir sig, sem
komi fram sem ein heild með
sínu skrásetta vörumerki. Með
þessu gæti skapast heilbrigð sam-
keppni milli verstöðva um vöru-
vöndun eins og t.d. á sínum tíma
þegar Bíldudalsfiskur þótti há-
mark saltfiskgæða.

NÍÐURLAGSORÐ

Geir Stefánsson á Akureyri
efast um í athugasemd sinni í
Mbl. 5. sept., að við hefðum get-
að afskipað og selt bannsíldina
til Svíþjóðar með nefndum skip-
um, vegna þess að innflutnings-
leyfi vantaði o. s. frv. Ég get full-
vissað hann um og sannað með
simkeyttum, sem fyrir hendi eru,
að kaupandinn í Svíþjóð hefði
staðið við tilboð sitt, ef leyfi
nefndarinnar hefði fengist til að
senda síldina með Selfossi og
Reykjafossi, enda var innflut-
ningsleyfi fengið í Svíþjóð áður
en skipin komu þangað.

Útvarpið hefir farið mjög gæti-
lega að undanfögnu með fréttir
af síldveiðum í Faxaflóa og leik-
ur grunur á, að það sé samkvæmt
fyrirmælum frá æðri stöðum,
sennilega til þess að vekja ekki
athygli útlendinga á veiði hér,
en þetta virðist algerlega ástæðu-
laust vegna þess að síldin hefir
aðeins veiðzt innan hinnar nýju
landhelgislínu.


Akranesi, 19. september 1952.
Haraldur Böðvarsson.

Nýtt lyf gegn áfengissýki

STOKKHÓLMI — Tilraunir
með nýtt lyf gegn áfengissýki
eru í þann veginn að hefjast
í Svíþjóð. Lyf þetta er franskt
að uppruna og var fyrst skýrt
frá árangri af notkun þess á ráð-
stefnu um áfengismál, sem hald-
in var í París á dögunum. Hefur
það verið reynt með mjög góð-
um árangri undir handleiðslu
franska læknisins LeCoq, sem
hefur gefið því nafnið curethyl.

Svissnesk siglingalög

BERN, 19. sept. — Svissneska
sambandsráðið samþykkti í dag
siglingalög, 150 greinar um verzl-
upnarflota Sviss. Í honum eru 40
skip, samtals 220 þús. mál.



Iðnsýn í reiðhjólaverksmiðju Fálkans. Þarna eru reiðhjólahlut-
arnir lakkaðir og gljábrenndir. Á brettunum framan til á mynd-
inni er lakkinu sprautað yfir grindurnar, en í baksýn eru gljá-
brennsluofnarnir.